

1. DEILD KARLA Í KNATTSPYRNU 4. UMFERÐ

Selfoss - Grindavík

29. maí 2015 klukkan 19:15

4. umferð

Selfoss - Grindavík

UMF

SELFLOSS

1936

Andstæðingarnir í kvöld koma af Reykjanesinu. Grindvíkingum var spáð ágætu gengi í deildinni í sumar en hafa ekki byrjað vel. Töp gegn nýliðum Fjarðarbyggðar og Haukum í fyrstu tveim leikjunum var fylgt eftir með góðum sigri gegn Gróttu. Okkar menn hinsvegar eru að sleikja sárin eftir tvö súr töp gegn HK og Víkingi Ó. Búast má við hörku leik og krafan nú sem endranær er að þrjú stig verði eftir á JÁVERK-Vellinum.

ÁFRAM Selfoss!

Gamli leikurinn og innbyrðisviðureignir

Samkvæmt tölfræðisiðu KSÍ hafa Selfoss og Grindavík mæst 18 sinnum í opinberum kappleikjum. Grindavík hefur unnið 9, Selfoss 5 og 4 hafa endað með jafntefli. Markatalan er Grindjánum í haf 39 - 28. Þó ber að hafa í huga að Selfyssingar hafa bara tapað einum af síðustu átta deildarleikjum en sá leikur fór fram í fyrra í Grindavík.

Einn skemmtilegasti leikurinn sem liðin hafa spilað var spilaður í slagveðursrigningu og roki á Selfossi 25. september 2010. Þetta var síðasti leikurinn í Pepsideildinni það árið. Selfoss var fallið sem og Haukar og Grindavík sat í hinu eftirsóttta 10. sæti. Veðrið var þannig að fáir nenntu á völlinn en aðeins 210 manns komu og fylgdust með veislunni sem Selfoss bauð uppá.

Fjórið hófst á 11 mínútu þegar Viktor Unnar Illuga son skoraði eftir undirbúning frá Jóni Daða. Sævar Þór bætti við öðru markinu eftir aukaspyrnu frá Stefáni Ragnar Guðlaugssyni og Ingpór Jóhann skoraði þriðja markið og aftur var það Jón Daði sem bjó það til.

Selfyssingar voru hvergi nærri hættir og Viðar Örn skoraði fjórða markið eftir langa sendingu frá Jóhanni Ólafi markmanni. 4 - 0 og Selfyssingar, sérstaklega Jón Daði, léku á

allsoddi. Gills MBang Ondo minnkaði munin í 4 - 1. Viðar átti skot í stöng áður en hann lagði upp fimmta markið fyrir Davíð Birgisson en aftur var Jón Daði arkitektinn. Á 90. mínútu



Ingpór Jóhann skoraði sitt eina Pepsideildarmark gegn Grindavík


minnkaði Ondo svo muninn aftur í þrjú mörk með öðru marki sínu og tryggði sér um leið markakóngstitilinn.



Leikmannahópur Selfoss




Pétur L. Pétursson
Markmaður nr. 16




Vignir Jóhannesson
Markmaður nr. 18



Vigfús B. Ingason
Markmaður nr. 1



Andy J. Pew
Varnarmaður nr. 4



Sigurður Eyberg
varnarmaður nr 15



Þorsteinn D.
Þorsteinsson.



Matt Whatley
Varnarmaður nr. 14




Jordan Edrige
Varnarmaður nr. 3



Halldór Arnarsson
Varnarmaður nr. 13



Luca Jagacic
Varnarmaður nr. 19



Ivanirson Silva
Olivera Miðjumaður



Ingi Rafn ingibergsson
Miðjumaður nr. 10



Einar Ottó Antonsson
Miðjumaður nr. 6



Arnar L. Sveinsson
Sóknarmaður nr. 25



Magnús I. Einarsson.
Sóknarmaður nr. 12




Kristján A. Marteinsonn
Sóknarmaður nr. 29



Marko Pavlov
Sóknarmaður nr. 21



Sindri Pálmason
Sóknarmaður nr. 5



Svavar Berg
Jóhannsson
Sóknarmaður nr. 7



Ingbór Björgvinsson
Sóknarmaður nr. 22



Elton "Fufura" Barros
Sóknarmaður nr. 9



Starfslið og leikmenn á láni.

4



Zoran Miljkovic
Þjálfari



Jón Steindór
Sveinsson



Elías Örn Einarsson
Aðstoðarþjálfari



Hildur Grímsdóttir
Sjúkrapjálfi



Hafþór Sævarsson
Liðsstjóri



Jóhann Árnason
Liðsstjóri



Sævar Þór Gíslason
Liðsstjóri



Markús Árni
Vernharðsson
Í láni (KFR)



Gunnar Hallgrímsson
Í láni (KFR)




Birkir Pétursson
Í láni (KFR)




Ragnar Þór
Gunnarsson



Haukur Ingi
Gunnarsson
Í láni (KFR)



Ingvi Rafn
Óskarsson
Í láni (Ægir)



Richard Sæþór
Sigurðsson
Í láni (ÍBV)



Leikmannamarkaðurinn og breytingar síðustu tímabil

Selfoss hefur verið nokkuð líflegt á félagaskiptamarkaðnum frá því síðasta tímabili lauk.

Geir og Kristinn Kolbeinssynir fóru í Vængi Júpítters, Andri Björn Sigurðsson í ÍR, Andri Már Hermannsson í Gróttu, Bjarki Már Benediktsson í FH, Ragnar Þór Gunnarsson í Val, Hamza Zakari aftur til Ghana, Max Odin Eggertsson til Svíþjóðar og töluverður fjöldi er á láni, fyrri hluta tímabilsins hið minnsta.

Álíka fjöldi kom líka inn, helst ber að nefna Sindra Pálmason, Ivanirson Silva Oliveira (Maniche), Sigurð Eyberg, Jordan Edrige, Marko Pavlov, Matthew Whatley og Kristján Atla Marteinson. Þá skipti Arnar Logi Sveinsson yfir úr Ægi en hann hefur spilað með sameiginlegum 2. fl. Selfoss/Hamar/Ægir/Árborg. Gunnar Guðmundsson hætti sem þjálfari og til baka kom Zoran.

Miklar breytingar milli ára en það hefur verið töluvert um breytingar undanfarin ár. Ungir strákar hafa verið að koma upp og fengið sénsinn og sannað sig sem fram-

tíðarleikmenn. Sterkur kjarni af heimastrákum er að koma upp sem verður vonandi kjarninn í Selfosliðinu um ókomin ár.

Svona óstöðugleiki er aldrei góður. Einungis 10 leikmenn eru ennþá hér frá því 2013, þar af tveir sem hafa farið og komið aftur. Í sumar er aðalatriðið að byggja upp hóp sem stöndugan hóp sem getur barist á öllum vígstöðum og verður grunnurinn að næsta Pepsideildarliði Selfoss. Allt hráefnið er til staðar og við erum með meistarakokk í Zoran. Framtíðin er björt.



Andstæðingurinn

Grindavík er næsti andstæðingur okkar. Grindvíkingar hafa marga fjöruna sopið í fótbolthanum á Íslandi. Þeir hafa farið upp og niður um allar deildir. Þeir tóku í fyrsta sinn þátt í Íslandsmóttinu árið 1969 í 3. deildinni. Þar voru þeir í 20 ár en 1989 fóru þeir upp í 2. deildina (núverandi 1. deild) og 5 árum seinna, árið 1994, komust þeir upp í efstu deild undir stjórn Lúkasar Luca Kostic. Sama ár komust þeir líka í úrslit í bikarkeppni KSÍ en töpuðu þar gegn KR í úrslitunum. Liðið spilaði fyrsta sinn í Evrópukeppninni gegn Bakú frá Azerbedjan. Grindvíkingar hafa verið með sterkt lið og verið nokkuð stöðugt lið í efstu deild undanfarin ár en féll með stæl árið 2012 úr efstu deild. Voru langneðstir í deildinni með 12 stig. Síðan þá hafa þeir verið í efri hluta 1. deildar 2013 voru þeir jafnir Víking og Haukum með 42 stig í 2.-4. sæti en lélegasta markahlutfallið (Víkingur vann Völsung 16 - 0 í þriðja síðasta leik og Haukar unnu þá 0- 7).



Besti leikmaðurinn í sögu Grindavíkur er líklegast Sinisa Kekic, töframaður með boltann og ótrúlega lunkinn. Aðrir sögufrægir leikmenn hjá þeim eru Milan Jankovic, Óli Stefán Flóventsson og Ólafur Örn Bjarnason. Grétar Ó. Hjartarson er svo markahæstur þeirra í efstu deild frá upphafi.

Lykilmenn hjá þeim í dag eru hins vegar reynsluboltinn Scott Ramsey, Ásgeir Þór Ingólfsson og Jósef Kristinn Jósefsson.

Fótbolti.net spáir líklegu byrjunarliði þeirra svona í byrjun móts. Sterkt lið enda var þeim spáð .3. sæti í deildinni í ár. Þeir hafa hinsvegar ekki byrjað vel töpuðu óvænt

gegn Fjarðarbyggð í fysta leik og svo gegn Haukum í annari umferð. Þeir réttu hinsvegar úr kútunum og unnu Gróttu í síðasta leik.



Lið kvöldsins

Búast má við að flestir okkar menn séu klárir í leikinn. Þorsteinn Daníel, Denis og Fufura voru fjarri góðu gamni gegn Víkingi Ólafsvík en koma vonandi inn aftur.

Aðrir eru væntanlega heilir og klárir í slaginn.

Spennadi verður að sjá hvernig liðið bítur frá sér eftir tvö erfið töp en það er næsta víst að ef einhver getur peppað liðið upp í leikinn þá er Zoran.

Við spáum þó óbreyttu liði frá Ólafsvík en liðið stóð sig ágætlega í þeim leik.



Gamla fréttin

Á heimasíðu Ungmennafélagsins UMFS.IS er að finna úrklippusafn Bárðar í GÁB. Safnið er glæsilegt og gaman er að fletta í því og skoða gamlar fréttir af fótboltanum á Selfossi. Fyrir suma er þetta hálfgerð martröð að rifja þessa frétt frá 20. október 1989.



Selfoss á Internetinu

Ný heimasíða stuðningsmanna Selfoss fór í loftið á dögunum Selfossfc.is tekur við af “orginu” sem dó drottni sínum síðasta haust.

Stefnt er á að hafa síðuna líflega og troðfulla af skemmtilegu efni.

Þá er knattspyrnudeildin að sjálfsgöðu á Facebook undir Selfoss fc og svo söfnum við saman myllumerkjum (Hashtags) #selfossfc og #orgid.

Síðan mun fjalla um allt tengt fótbolta á Selfossi. Við munum fylgjast með atvinnumönnunum okkar, strákunum og stelpunum og að sjálfsgöðu segja frá stærstu viðburðunum hjá yngri flokkunum.



Áfram Selfoss!!



NÆSTU LEIKIR SELFOSS

- 2. JÚNÍ. JÁVERK-VÖLLURINN SELFOSS - PRÓTTUR. PEPSID. KVK
- 3. JÚNÍ. VODAFONEVÖLLURINN VALUR - SELFOSS BIKAR KK
- 6. JÚNÍ. AKUREYRARVÖLLUR KA - SELFOSS 1. D. KK
- 9. JÚNÍ VODAFONEVÖLLURINN VALUR - SELFOSS PEPSID. KVK
- 11. JÚNÍ JÁVERK-VÖLLURINN SELFOSS - FRAM 1.D. KK
- 14. JÚNÍ JÁVERK-VÖLLURINN SELFOSS - AFTURELDING PEPSID. KVK
- 20. JÚNÍ ESKJUVÖLLUR FJARÐARBYGGÐ - SELFOSS 1.D. KK
- 23. JÚNÍ KÓPAVOG SVÖLLUR BREIÐABLIK - SELFOSS PEPSID. KVK
- 25. JÚNÍ JÁVERK-VÖLLURINN SELFOSS - HAUKAR 1.D. KK
- 30. JÚNÍ JÁVERK-VÖLLURINN SELFOSS - KR PEPSID. KVK



ÁFRAM SELFOSS!!



JAKO